

Nd.

113. Frumvarp til laga

[90. mál]

um tímabundinn greiðslufrest á skuldum bænda og vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson,
Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson.

1. gr.

Bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarafurða skulu hafa greiðslufrest til 1. maí 1969 á öllum afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem þessir aðilar hafa stofnað til fyrir 1. september 1968, vegna framkvæmda eða framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða.

Tímabilið frá gildistöku þessara laga til 1. maí 1969 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, vixilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal kveða nánar á um framkvæmd á ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarafurða hafa aukið skuldir sínar stórkostlega á undanförunum árum. Ýmsar ástæður valda þessu. Árferði hefur verið mjög óhagkvæmt landbúnaði í sumum landshlutum að undanförunu, m. a. stórfelldur grasbrestur í sumum sveitum vegna kals í túnunum. Af því leiddi, að óhjákvæmilegt var fyrir allmarga bændur að verja miklu fé til fóðurkaupa til þess að skerða bústofninn ekki um of. Á sama tíma hafa orðið miklar verðhækkningar á rekstrarvörum landbúnaðarins, m. a. af völdum gengisbreytinga.

Um þessar mundir er gerð athugun á því, hvað skuldir bænda eru miklar. Þessi athugun fer fram á vegum nefndar þeirrar, sem hefur fengið það verkefni að kynna sér hag og aðstöðu bænda og gera tillögur um ráðstafanir vegna harðæris.

Flutningsmenn þessa frv. telja það óhjákvæmilegt að ákveða með lögum tímabundinn greiðslufrest á afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarins hafa stofnað til fyrir 1. sept. 1968 vegna framkvæmda eða framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða. Slíkan tímabundinn greiðslufrest ber að veita, meðan unnið er að athugun og yfirliti um skuldir bændastéttarinnar og meðan á Alþingi er fjallað um frv. um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.